

Ferðafélag Akureyrar
Ingvar Teitsson
Pósthólf 48
602 Akureyri

2001010101
6607; 9310

Reykjavík, 6. júní 2001
/--

Efni: Hálendismiðstöð við Dreka­gil, Skútustaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Skútustaðahrepps dags. 10. nóvember sl. þar sem óskað er eftir meðmælum Skipulagsstofnunar með auglýsingu deiliskipulagstillögu fyrir hálendismiðstöð við Dreka­gil. Við yfirferð málsins kom fram að eðlilegt væri að tilkynna framkvæmdina samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000, nánar tiltekið t.l. 12 d en þar er kveðið á um að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ákveðið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs, og staðsetningar hvort skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Að fengnu samþykki Ferðafélags Akureyrar, þann 30. janúar 2001, hóf Skipulagsstofnun málsmeðferð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum um það hvort að fyrirhuguð hálendismiðstöð við Dreka­gil, Skútustaðahreppi skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps sem barst með bréfi dags 31. janúar 2001. Afrit af umsögn Náttúruverndar ríkisins um tillögu að deiliskipulagi hálendismiðstöðvar við Dreka­gil þar sem fram kemur álit stofnunarinnar á matsskyldu framkvæmdarinnar barst þann 24. janúar 2001.

Framlögð gögn

Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er um að ræða nýja 43,3 m² snyrtiaðstöðu með 6 vatnssalernum og tveimur sturtum. Gert er ráð fyrir að vatn verði leitt í snyrtihúsið úr vatnsveitu úr Dreka­gili og frárennsli fari í rotþró. Rotþróin verður tæmd reglulega og verður seyran flutt í sandgryfju við Jökulsá á Fjöllum hjá Herðubreiðarlindum í samræmi við ákvæði starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Syturlögn verður lögð frá rotþró að læk sem rennur úr Dreka­gili. Sorpi verður safnað í pokagrindur og flutt jafnóðum í sorpgám í Herðubreiðarlindum.

Gert er ráð fyrir 15x20 m byggingarreit sunnan og suðaustan við skálann Dreka vegna fyrirhugaðrar stækkunar skálans, byggingarreit fyrir landvarðahús, 10x25 m byggingarreit fyrir

tvö þjónustuhús ferðaþjónustuaðila og nýju 6000 m² tjaldstæði sunnan og austan við snyrtihúsið. Núverandi bílastæði verða látin halda sér í aðalatriðum og bílastæði verða afmörkuð út frá vegslóðanum inn í Öskju.

Álit Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins

Í áli Skútustaðahrepps og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hálandismiðstöð við Dreka­gil í Skútustaðahreppi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða uppbyggingu sem felur í sér stækkun á snyrtiaðstöðu, stækkun skála, nýtt landvarðahús, tvö þjónustuhús ferðaþjónustuaðila og nýtt 6000 m² tjaldstæði.

Á grundvelli framlagðra gagna telur Skipulagsstofnun að fyrirhugaðar framkvæmdir við Dreka­gil í Skútustaðahreppi og starfsemi sem þeim fylgir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Gengið hefur verið frá deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem gerð er grein fyrir leyfilegri uppbyggingu og tilhögun varðandi umgengni, veitur og sorpförgun. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er því sú að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru við Dreka­gil skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 5. júlí 2001

Stefán Thors

Hól­mfríður Sigurðardóttir